

## Tillaga til þingsályktunar

### um ráðstafanir til að lækka eldsneytiskostnað í millilandaflugi.

Flm.: Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason, Birgir Þórarinsson,  
Gunnar Bragi Sveinsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,  
Sigurður Páll Jónsson, Þorsteinn Sæmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa lagafrumvarp þar sem kveðið verði á um ráðstafanir sem leiði til þess að eldsneytisverð í millilandaflugi lækki.

#### Greinargerð.

Samkvæmt lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skal jafna flutningskostnað á olíuvörum eins og nánar er þar kveðið á um. Markmið laganna er að tryggja að eldsneytisverð sé hið sama um allt land til að jafna búsetuskilyrði og samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Jöfnun á flutningskostnaði á hins vegar ekki við um eldsneyti sem er ætlað til útflutnings og fellur þar undir eldsneyti til millilandaflugs og því er eldsneyti dýrara á millilandaflugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum heldur en í Keflavík.

Með tillögu þessari er lagt til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi lagafrumvarp í þá veru að breyting verði á til að verð á eldsneyti í millilandaflugi lækki. Slík breyting mundi styrkja stöðu ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og ýta undir dreifingu ferðamanna um landið.